

Skýrsla Prófnefndar til aðalfundar ÍRA 2015

3. gr.

Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

Próf

Í framhaldi af 3ja mánaða námskeiði, sem ÍRA hélt í byrjun árs, var haldið próf í húsakynnum Háskólans í Reykjavík þann 18. apríl 2015.

18 þreyttu próf í raffræði og radiótækni. 5 náðu einkunn sem nægir til N-leyfis og 12 einkunn sem nægir til G-leyfis. Þar af voru 9 með 7,0 eða hærra og 3 með 9,0 eða hærra.

Jafnframt var haldið próf í fjarskiptareglum í umsjón Þórs Þórissonar, TF3GW, að vanda. Af 14 sem þreyttu prófið, voru 2 yfir N-mörkum og 11 yfir G-mörkum. Árangur var líka góður í þessu prófi, 5 fengu hærra en 9,0.

IARU

Eins og rakið var í skýrslu síðasta árs leiddi ályktun Prófnefndar þann 29. apríl 2013, um alvarlegar villur í kaflanum um símrítun (CW) í bókinni "Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra", til þess að málið var tekið upp á ráðstefnu IARU Region 1 í Varna-Albena s.l. haust að frumkvæði varaforseta IARU. Í ályktun sem þar var samþykkt, segir m.a.:

2. Samskiptareglumar, sem mælt er með fyrir mors (og stafræna mótun), fela í sér eftirfarandi:

- a) "K" í lok sendingar er boð um að senda
- b) Stöð sem lýkur sendingu með "AR" eingöngu býður engum að kalla sig upp
- c) Enn fremur er "K" algengasta endingin á almennu kalli, "CQ"

Í framhaldinu ákvað stjórnarfundur alheimssamtaka IARU, Administrative Council, haldinn 27. - 28. september 2015 í Varna-Albena, að breyta ályktun sinni frá ráðstefnunni í Konstanz 2008, eða eins og segir í fundargerð:

10.12.1. CW Procedure and Ethics Guide. Based upon a letter from the Icelandic society and the Region 1 conference recommendation, the Council voted to revise the IARU Resolution 08-1. The amended resolution is attached hereto as Attachment 3.

Þar er tekinn af allur vafi um að meðmæli IARU með bókinni snéru að siðfræðilegum grundvallarreglum (ethical principles) hennar, en ekki nauðsynlega þeim samkiptaháttum sem þar er lýst.